

Nd.

377. Frumvarp til laga

[143. mál]

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

1. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heinilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og í þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 800 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 1955 var samgöngumálaráðuneytinu heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Keflavík og Vestmannaeyjum. Sú takmörkun er þó því aðeins heimil, að fyrir liggja tillögur þess stéttarfélags og meðmæli þeirrar bæjarstjórnar, sem í hlut á.

Fyrir liggja óskir frá ýmsum aðilum þess efnis, að heimildin um takmörkun á fjölda leigubifreiða verði látin ná til allra kaupstaðanna og fjölmennustu kauptúnanna. Samgöngumálanefnd virðist sanngjarnt, að þær óskir séu teknar til greina, og flytur því frv. þetta.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND VÖRUBIFREIÐASTJÓRA

Reykjavík, 4. marz 1957.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Á þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra í nóvembermánuði s. l. var einróma samþykkt að vinna að því, að heimild sú, sem nú er bundin í lögum um takmörkun á inngöngu í vörubifreiðarstjórastjórnir, verði framvegis rýmkuð svo, að nefnd heimild nái til allra félaga í landssambandinu.

Af þessu tilefni viljum við vinsamlega fara þess á leit við hæstvirta samgöngumálanefnd, að hún beiti sér fyrir því, að gerð verði breyting á lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum, nr. 23 frá 1953 og nr. 25 frá 1955. Breytingin þyrfti að okkar áliti að vera á þá leið, að takmörkunarheimildin að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar næði til allra kaupstaðanna og kauptúna með yfir 800 íbúa. Slík rýmkuð heimildin til að takmarka leigubifreiðafjöldann mundi fullnægja óskum landssambandsþingsins á vel viðunandi hátt.

Við lítum svo á, að þau rök, sem lágu til þess, að heimildin var veitt Reykjavík og nokkrum stærstu kaupstöðunum, eigi í jafnríkum mæli við um flesta þá staði, sem nú er farið fram á að öðlist þessa heimild einnig. Alveg sérstaklega eindregnar óskir um breytingu í þessa átt hafa komið frá vörubifreiðarstjórum á Akranesi, Húsavík, Ísafirði, Sauðárkróki og Stykkishólmi. Sú reynsla, sem þegar er fengin af takmörkuninni, þar sem hún hefur komið í framkvæmd, er mjög góð, og þar ríkir almenn ánægja með þetta fyrirkomulag meðal vörubifreiðarstjóra og vinnuveitenda.

Innan stéttar sjálfseignarvörubifreiðarstjóra hefur verulega bólað á offjölgun. Þar hefur ríkt atvinnuskortur og jafnvægisleysi. Menn, sem leggja með sér jafndýr tæki og vörubifreið er nú til dags, eiga vissulega rétt á því, að afkomuöryggi þeirra sé aukið með einhverjum skynsamlegum ráðum. Í því efni er sú braut, sem mörkuð var með framangreindum lögum frá 1953 og 1955, langfarsælust.

Við erum ætíð reiðubúnir til að veita yður allar þær upplýsingar um framanritað málefni, er þér kynnuð að óska eftir.

Virðingarfyllt,

Landssamband vörubifreiðastjóra.

Jón Þorsteinsson.